

Umhverfisráðuneytið  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. ágúst 2011  
2011060018/42-0  
TB  
jgo/tb

## Reglugerð um stjórн vatnamála

Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 20. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að reglugerð um stjórн vatnamála.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir drög að reglugerð um stjórн vatnamála. Eins og kemur fram í gildissviði reglugerðarinnar gildir hún m.a. um hlutverk stjórнvalda vatnamála og annarra aðila er koma að stjórн þeirra.

### *Vatnasvæðanefnd, ráðgjafanefnd*

Í 6. gr. er fjallað um vatnasvæðanefndir og í 7. gr. er fjallað um ráðgjafanefndir. Í báðum þessum greinum stendur að tilnefningaraðilar beri kostnað af setu fulltrúa sinna í viðkomandi nefndum. Með framangreindum lögum og reglugerð fær Náttúrufræðistofnun nýtt hlutverk sem mun auka álag á stofnunina, og aðrar stofnanir, án þess að gert sé ráð fyrir að fjármagn komi á móti, skv. 7. gr., en nú þegar er erfitt halda úti eðlilegum rekstri í samræmi við þau lög sem stofnunin starfar eftir. Það er ljóst af 7. gr. að vel getur verið um töluberða vinnu að ræða t.d. segir í 7. gr. að *Ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skuli leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð áætlana og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir. Ráðgjafanefndum er einnig heimilt að stofna undirhópa um ákveðin verkefni s.s. vegna flokkunar vatns, álagsgreiningar, gerð vöktunaráætlunar eða skyrslugjafar.* Ekki er fjallaðu um neina greiðslu fyrir þessi störf, sjá umfjöllun um 8. og 9. gr.

### *Rannsóknarstofnanir, samningar við rannsóknastofnanir*

Í 8. og 9. gr. er fjallað sérstaklega um hlutverk rannsóknastofnana og samninga við rannsóknastofnanir. Í 8. gr. er lýst verkefnum stofnana en í 9. gr. kemur fram um hvað skal semja en 9. gr. á eingöngu við um 8. gr. reglugerðarinnar, ekki t.d. ráðgjafanefnd og störf þar. Í 8. gr. eru talin upp verkefni og hlutverk rannsóknastofnana með sama hætti og gert var í frumvarpi til laga um stjórн vatnamála. Þeirri framsetningu var hafnað í meðfórum Alþingis en t.d. gætir misræmis milli stofnana og má þar t.d. nefna að allar þær stofnanir sem nefndar eru, utan Náttúrufræðistofnun, hafa samræmingarhlutverk þrátt fyrir að t.d. Náttúrufræðistofnun skal skv. lögum rannsaka alla náttúru Íslands en t.d rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar og Veiðimálastofnunar beinast einkum að nytjastofnum samkvæmt lögum. Jafnframt segir í 8. gr.: *Framangreind gögn eru ætluð til notkunar fyrir*



*opinbera aðila, almenning og Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er heimilt að miðla gögnum áfram í viðeigandi gagnagrunna.*


Náttúrufræðistofnun getur ekki séð að framsetning 8. gr. reglugerðarinnar sé í samræmi við 10. gr. laga nr. 36/2011 hvorki hvað varðar hlutverk stofnana eða meðferð gagna og ekki í samræmi við 9. gr. sjálfrar reglugerðarinnar þar sem kemur fram að semja skuli um eignarhald gagna og nýtingu þeirra. Náttúrufræðistofnun telur mjög eðlilegt að aðgengi sé gott að gögnum sem almenningur hefur greitt fyrir. Náttúrufræðistofnun getur hins vegar ekki séð að hægt sé að veita Umhverfisstofnun heimild til að miðla gögnum Náttúrufræðistofnunar í óskilgreinda „viðeigandi“ gagnagrunna með reglugerð. Náttúrufræðistofnun telur að 8. gr. reglugerðarinnar eigi að vera með sama hætti og 10. gr. laga um stjórn vatnamála og 9. gr. taki á því með hvaða hætti samið eru um verkefni þ.a.m. um gögn rannsóknastofnana.

Náttúrufræðistofnun telur að samningar skv. 9. gr. eigi einnig á ná yfir greiðslur vegna þáttöku í störfum í ráðgjafanefnd skv. 7. gr. reglugerðarinnar þ.e.a.s. um greiðslu fyrir allan útlagðan kostnað s.s. ferðakostnað o.s.frv., og þá auka vinnu sem kann að vera lögð á herðar stofnuninni sbr. umfjöllun um greinina hér að framan þ.e. aðra vinnu en beina þáttöku í fundum ráðgjafanefndarinnar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

